Stjórn foreldrafélags Helgafellsskóla
Fundur 08.09.21

Fyrstu fundur haustsins.
Mætt voru: Ólafur Dan (formaður), Sonja, Jóna, Lea, Sunna og Benni fyrir hönd Elenu
Fundur settur formlega kl. 20.06
Ritari fundargerðar var Sunna

Engin formleg dagskrá sett fyrir fund en rætt

Stóru punktarnir:
- Viðburðir - dagskrá vetrarins
- Covid og áhrif þess á viðburði
- Foreldrarölt
- Fjármál og greiðsluseðlar
- Söfnun hjá 6.bekk fyrir ferðalag

Annað:
- Stekkjaflöt
- Battavöllur
- Tilkynningar vegna meiðsla og skýrslugerð
- Frístundarúta
- Afmælisgjafir (500 kr) og boð í afmæli
- Tölvutími og útivistartími: minna á
- Foreldrasáttmáli & árgangafulltrúar
- Lóð, frágangur á henni og þrif
- Tilkynningar: aðgengi kennara, covid smit

Dagskrá f. áramót
Fundur m. Rósu - bókum fund með henni helst í næstu viku (Ólafur ber ábyrgð á)
Fundur m. bekkjarfulltrúum - farið yfir foreldrasáttmálann - leggja upp starf vetrarins
Gott að halda fund með stjórn mánaðarlega ca.
Hrekkjavaka
Jólaskemmtun

Covid
Þurfti að hætta við ferðalag hjá 6.bekk - þarf að skoða hvernig/hvort er hægt að framkvæma.
Eins og er væri hægt að halda bekkjarskemmtanir, því samkomutakmarkanir leyfa það.
Sniðugt að finna aðrar lausnir eins og í fyrra ef það er ekki hægt að halda hefðbundnar skemmtanir

Árgangafulltrúar
Það þarf að skoða hvort það vanti árgangafulltrúa í einhverja árganga.
Ólafur ætlar að senda út á árgangafulltrúa
Námskeið fyrir árgangafulltrúa: Heimili og skóli
Árgangafulltrúar þurfa að bera ábyrgð á að ræða:
- Afmælisgjafir (500 kr) og boð í afmæli
- Tölvutími og útivistartími

- Aðrir hlutir sem fara inn í foreldrasáttmála

Foreldrarölt
Lea ætlar að hafa samband við þau sem sjá um foreldraröltið, varðandi að uppfæra Excel skjalið okkar og spyrja út í gjafabréf.

Fjármál og greiðsluseðlar
Staða núna: rúmlega 350þús
Greiðsluseðlar sendir út í október og aftur í mars.
Ekki skyldugreiðsla. Sama upphæð og síðast. Getum endurskoðað á næsta aðalfundi.
Jóna mun senda út greiðsluseðla í október.
8. bekkur á inni pening hjá okkur. Eflaust sniðugt að minna þau á þennan pening.
Lea er með barn í 7.bekk og hefur þetta bakvið eyrað þegar kemur að umræðum.

SamMos
Fyrstu fundur búinn. Yfirlitsfundur og spjall.
Það er að koma félagsmiðstöð í Helgafellsskóla.
Þau sem eru að vinna þar eru að taka rölt á kvöldin og hitta á krakkana.

Útivistartími
Bólið sendi á börnin segul með útivistartímum og bréf til foreldra.

Stekkjaflöt
Tala við bæjarstjórn varðandi að setja upp myndavél/ar.
Gott að gera það sem fyrst, fyrir kosningar.
Sunna getur gert uppkast af bréfi til bæjarstjórnar, en Ólafur verður með í þessu ferli.

Lóð
Lóð á að vera tilbúin í september.
Sonja ætlar að lista upp hvaða atriði þarf að laga, svo við götum tekið þetta fyrir á fundinum með Rósu.
Líka gott að senda á Mosfellsbæ varðandi lóðina, eftir að við tölum við Rósu.

Battavöllur og frímínútur
Getur verið leiðinlegur mórall þarna, sem þróast yfir í stríðni. Það þarf að vera starfsmaður að fylgjast með - alltaf.
Yfirsýn í frímínútum - hvernig er verið að skipta starfsmönnum upp/manna yfirsýn?

Tilkynningar
Vantar upp á að bæði tilkynna meiðsli til foreldra og skýrslugerð þegar börn slasa sig.
Þegar börn detta/meiða sig á hausnum, og börn brotna/meiða sig mikið ætti ALLTAF að gera skýrslu. Hvort sem foreldrar biðja um hana eða ekki.
Covid tilkynningar - ætti að tilkynna öllum foreldrum skólans, ekki bara þeim bekkjum sem smita koma upp í. Foreldrum finnst óþægilegt að frétta svona úr fréttamiðlum eða frá börnum sínum, en ekki beint frá starfsmanni skólans.
Ræðum við Rósu þegar við hittumst.

Frístundarúta
Tala við Rósu um vanhaga í frístundarútu-kerfi og mismunun á milli skóla (Varmá fær að fara aftur í frístund eftir tómstundir, en ekki aðrir).

Fræðsla fyrir foreldra 1x á önn
Áhugaverðir fyrirlestrar - endilega brjóta heilann með það.